

Í Þjóðhátíðarblaði Týs 1963 skrifar Svavar Gests grein sem hann kallar “Þankabrot um Eyjar” (bls. 24-25) en í henni lýsir Svavar kynnum sínum af Eyjum frá barnæsku og þar til hann fór að koma til Eyja með hljómsveit sína og hvernig það kom til. Hann segir frá þegar hann var barn að aldri og fór með bát yfir Dýrafjörð frá Núpi að Þingeyri. “Þá settist ég ætíð klovvega fram í stafn og söng upp í vindinn eins hátt og ég gat: *Blítt og létt báran skvett bátnum gefur.* Þetta var nýjasta lagið þá og mér var seinna sagt að þetta lag væri eftir einhvern kall í Vestmanneyjum.”

Í lok greinarinnar viku hann frekar kallinum sem fyrr er nefndur þ.e. að Oddgeiri Kristjánssyni og segir:

En ekki get ég lokið þessu nema að minnast á kallinn, sem samdi lagið *Blítt og létt*. Ef til væri eitthvað, sem hétu Sölumiðstöð íslenskra dægurlagahöfunda, þá væri gjaldeyrisöflun Vestmannaeyja miklu, miklu meiri. Því í Noregi eiga þeir varla betri sjómannavalsala en *Ship ohoj*, og tangóinn *Bjartar vonir vakna* mundi vel standa fyrir sínu í Þýskalandi, og varla væru þeir lengi að komast upp á lag með að tvista *Gömlu götuna* í Bandaríkjunum að ógleymdum hinum rómantísku lögnum, sem þessi síungi kall hefur samið fyrir síðustu þjóðhátíðir.

Nú þetta er auðvitað hann Oddgeir Kristjánsson, sem mér finnst ekkert hafa breyst síðan ég heilsaði honum fyrst fyrir tólf árum. Hann er einn hinna mörgu kunningja, sem ég hef eignast í Eyjum – og alltaf er þessum kunningjum að fjölga.